



# Framkvæmda- fréttir 23. tbl. /07



*Hvalnesskriður. Sjá myndir bls. 4-5*

## Hringvegur (1), Þvottár- og Hvalnesskriður

Í þessu blaði er auglýst útböð á lagfæringu á Hringvegi (1) um Hvalnesskriður og Þvottárskriður. Um er að ræða 4,2 km langan kafla frá slitlagsenda norðan við Þvottárskriður og suður að slitlagsenda sunnan við Hvalnesskriður.

Vegurinn verður lagfærður á þessum kafla og hann lagður bundnu slitlagi. Sett verða vegrið meðfram vegi á köflum sjávarmegin í skriðunum, samtals 2.860 m. Einnig verða settir grjótkassar fjallsmegin meðfram vegi til að varna grjóthruni inn á veg. Veglína helst að mestu óbreytt og er framkvæmdin að mestu leyti innan núverandi vegsvæðis. Um er að ræða aðgerðir til að auka öryggi vegfarenda uns jarðgöng verða gerð undir Lónsheiði.

Skriðurnar eru óstöðugar og því oft hrun á veginn. Það eru mun meiri skriðuföll í Hvalnesskriðunum en Þvottárskriðum og stærra grjót, sem fellur þar niður á veg. Hrun hefur

ágerst undanfarin ár sökum tíðra skipta milli frosts og þíðu. Meginhluti hrunsins er smásteinar, minni en 10-15 sm, en stöku stórir steinar falla annað veifið. Þetta skapar stöðuga hættu og er kostnaðarsamt því hreinsa þarf veginn flesta daga.

Vonir standa til að grjótkassarnir (gabionar) muni stöðva þetta hrun að miklu leyti.

Umferð á þessum kafla var 220 bílar á dag að meðaltali yfir árið 2005 (ÁDU), 400 bílar að meðaltali yfir sumarið (SDU) og 100 bílar að meðaltali yfir veturinn (VDU).

Vegurinn verður lagður skv. vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi. Malaraxlir eru 0,1 m. Slitlag er breikkað í beygjum þar sem rásir eru 400 m eða minni. Axlir eru breikkaðar þar sem eru vegrið eða grjótkassar.

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 23. tbl. 15. árg. nr. 477 27. ágúst 2007

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útböðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útböð eru kynnt, útböðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



## Stjórnarfundur Norræna vegtækniambandsins

Stjórnarfundur Norræna vegtækniambandsins var haldinn í Reykjavík 8. ágúst sl.

Virkir félagar í NVF eru um 800 talsins en aðal vinnan fer fram í um 20 nefndum. Nefndirnar halda ráðstefnur og málþing þar sem meðal annars eru kynntar rannsóknir, sem fram fara innan vegagerða Norðurlandanna og fyrirtækja sem koma að vegagerð og samgöngum í hinni víðustu merkingu.

Norræna vegtækniambandið heldur úti öflugum vefsíðum þar sem finna má niðurstöður af starfi nefndanna ásamt ýmsum öðrum fróðleik. NVF var stofnað árið 1935 af fagfólki innan vegagerða og samgangna í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Nefndunum er skipt í fimm meginflokka auk sérnefnda.

Þá heldur NVF úti öflugum vef, þar sem finna má efni sem nefndirnar hafa gefið út í tengslum við ráðstefnur og rannsóknir.

Ísland tekur við forsæti stjórnar NVF á næsta ári til fjögurra ára.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 20. ágúst 2007. Búið er að sprengja 2.166 m í Siglufirði og 1.791 m í Ólafsfirði.





Rétt merki samkvæmt umferðarmerkjareglugerð, D05.11 Umferð á móti veitir forgang.

Hér á að vera merkið B25.11 Skylt að veita umferð sem kemur á móti forgang.

### Umferðarmerki utan reglugerðar

Umferðarmerkið á myndinni hér að ofan hefur verið sett upp þar sem önnur akrein af tveimur er lokað vegna framkvæmda og á að tákna að skylt sé að veita umferð sem kemur á móti forgang. Merkið er hinsvegar ekki til í umferðarmerkjareglugerð. Réttta merkið er Bannmerki B25.11. og er það fellt inn í myndina. Á hinum enda kaflans er rétt merki.

### Héðinsfjarðargöng

Vinna við gröft Héðinsfjarðarganga frá Ólafsfirði gekk mjög vel í viku 33. Lengd ganga þeim megin frá er nú um 1.791 m og lengdust göngin þar um 90 m í vikunni. Eru það mestu vikuafköst í verkinu til þessa.

Siglufjarðarmegin gekk mun hægar vegna bergþéttinga í fyrri hluta vikunnar og vinnu við gerð neyðarútskots og snúningsútskots fyrir stór ökutæki. Lengd ganga þar er nú um 2.166 m og lengdust göngin þeim megin frá um 20 m í vikunni.

Samanlögð lengd ganga er nú um 3.957 m sem er um 37,4% af heildarlengd.



Samtals er búið að sprengja 3.957 m sem er 37,4% af heildarlengd.




Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Hringvegur (1) í Hvalnesskriðum á síðsumardegi.




Hringvegur (1),  
Þvottár- og Hvalnesskriður,  
væntanlegt vinnusvæði





Loftmynd: Loftmyndir ehf.



## Skorradalsvegur (508), Grund – Hvammur

Í 21. tölublaði *Framkvæmdafrétta* var auglýst útboð á endurlögn á 2,74 km löngum kafla Skorradalsvegur milli Grundar og Hvamms.

Verkinu er skipt í tvo áfanga. Skal fyrri áfanga lokið eigi síðar en 30. nóvember 2007 og verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. júlí 2008.

Kaflinn er í framhaldi af bundnu slitlagi á Skorradalsvegi. Á þessu svæði er mikil og vaxandi sumarhúsaþbyggð. Einnig er þarna mikil umferð ferðafólks. Umferð á þessum kafla var 186 bílar á dag að meðaltali yfir árið 2005 (ÁDU) og 291 bílar að meðaltali yfir sumarið (SDU).


Veglínan fylgir núverandi vegi, hún liggur í hlíðarfæti Skorradalsháls og hallar landinu í átt að Skorradalsvatni. Svæðið meðfram veginum er almennt vel gróið. Vestari hlutinn liggur á milli túna en austur tekur við brattara land. Fyrir neðan veg er sumarbústaðahverfi en verið að leggja götur og undirbúa ný sumarbústaðahverfi fyrir ofan veg.

Skeringar verða í núverandi veg og einnig verða skeringar á nokkrum stöðum til hliðar við veginn.

Lögð verður tvöföld klæðing á veginn.

Tilboð í verkið verða opnuð 28. ágúst 2007.





## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Auglýst:	Opnað:
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08		
07-091 Auðsholtsgöng (340), um Syðra Langholt	07		
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	07		
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Laugarvatn - Miðfell	07		
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur	07		
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herdísarvík - Þorlákshafnarvegur	07		
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	07		
07-086 Strandavegur (643), Djúpvogur - Drangnesvegur	07		
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07		
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07		
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07		
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07		
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07		
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07		
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07		
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07		
07-031 Þórsmurkurvegur (249), Gljúfúrá - Dalsá	07		
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07		
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07		
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07		
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07		
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07		
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07		
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07		
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07		
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07		
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07		
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:	
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	27.08.07	11.09.07	
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	13.08.07	28.08.07	
07-075 Göngubrú á Hítará, smíði stáls	13.08.07	04.09.07	
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:	
07-081 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðfjarðarvegur (92)	30.07.07	14.08.07	
07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn	30.07.07	14.08.07	

## Útboð á samningaborði, framhald Auglýst: Opnað:

07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96)	30.07.07	14.08.07	
07-079 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Breiðdalsvík - Djúpvogur, Axarvegur	30.07.07	14.08.07	
07-078 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Djúpvogur - Höfn	30.07.07	14.08.07	
07-077 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Höfn - Öræfi	30.07.07	14.08.07	
07-083 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Raufarhöfn - Fell	30.07.07	14.08.07	
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	30.07.07	14.08.07	
07-062 Óshlíðargöng, forval	18.06.07	07.08.07	
07-072 Vetrarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnesi og Kísilvegi (87) 2007-2010	16.07.07	31.07.07	
07-073 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls. 2007-2010	16.07.07	31.07.07	
07-074 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010	16.07.07	31.07.07	
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07	

## Samningum lokið Opnað: Samið:

Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út.

## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1),

### Þvottár- og Hvalnesskriður 07-018

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn 4,2 km kafla Hringvegur (1) um Þvottár- og Hvalnesskriður í Djúpvogshreppi og Sveitarfélaginu Hornafjörður. Vegarkafllinn nær frá slitlagsenda við norðanverðar Þvottáskriður að slitlagsenda sunnan Hvalnesskriða.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	56.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	7.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	4.000 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	27.000 m <sup>2</sup>
Ræsalögn	256 m
Bitavegrið	2.860 m
Grjótkassar	430 stk.
Frágangur fláa	67.000 m <sup>2</sup>

Útlögn klæðingar skal lokið 1. júlí 2008. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. ágúst 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 11. september 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.